

## TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 27. júlí 1976

um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhól-töflur

(76/766/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar <sup>(2)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í mörgum aðildarríkjum eru í gildi lög um mælingu á alkóhólstyrkleika í blöndu af vatni og etanóli og þar sem þessi lög eru breytileg frá einu aðildarríki til annars leiðir það til hindrana í viðskiptum. Samhæfing á vettvangi bandalagsins er því nauðsynleg á þessu sviði, svo og sameiginlegar skilgreiningar.

Í ályktun frá 17. desember 1973 <sup>(3)</sup> um stefnu í iðnaði fór ráðið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögu að tilskipun varðandi alkóhólsmælingar og alkóhól-mæla fyrir 1. desember 1974.

Auk tilskipunarinnar um samræmingu alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla er einnig nauðsynlegt að samhæfa lög og stjórnsýslufyrirmæli varðandi aðferðina við að ákvarða alkóhólstyrkleika á grundvelli mælinga sem eru gerðar, til að ekki sé hætt á að merking verði óljós eða ágreiningur komi upp.

Í þessari tilskipun er skilgreind aðferðin við að tilgreina alkóhólstyrkleika, miðað við rúmmál eða massa, eins og skilgreint er í viðaukanum, og gefin upp formúla sem er notuð til að setja upp töflur til að reikna út alkóhólstyrkleika á grundvelli mælinga.

2. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 geta aðildarríkin ekki véfengt tölur um alkóhólstyrkleika, fengnar úr alkóhólsmælingatöflum sem eru settar upp á grundvelli formúlunnar sem er sýnd í viðaukanum og mælinga sem eru gerðar með alkóhólsmælum eða alkóhól-flotmælum sem á eru EBE-merki og -tákn eða með tækjum sem mæla með að minnsta kosti jafnmikilli nákvæmni, af ástæðum sem tengjast notkun þessara tafna eða tækja.

3. gr.

Táknin sem eru notuð til að tilgreina alkóhólstyrkleika, sem getið er um í 2. gr. og eru skilgreind í viðaukanum, skulu vera sem hér segir:

„% rúmmál“ fyrir alkóhólstyrkleika sem rúmmál,

„% massi“ fyrir alkóhólstyrkleika sem massa.

4. gr.

Frá og með 1. janúar 1980 skulu aðildarríkin banna að notaður sé alkóhólstyrkleiki sem samrýmist ekki kröfum þessarar tilskipunar.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að tilskipun þessari innan 24 mánaða

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. C 76, 7. 4. 1975, bls. 39.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. C 248, 29. 10. 1975, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. C 117, 31. 12. 1973, bls. 1.

frá birtingu hennar og tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þessar ráðstafanir skulu koma til framkvæmda eigi síðar en 1. janúar 1980.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

*6. gr.*

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. júlí 1976.

*Fyrir hönd ráðsins,*

M. van der STOEL.

*forseti.*

## VIÐAUKI

## ALKÓHÓLSTYRKLEIKI

## 1. SKILGREINING

„Alkóhólstyrkleiki sem rúmmál“ í blöndu af vatni og etanól er hlutfall rúmmáls af hreinu alkóhóli í blöndunni við 20° C í heildarrúmmáli blöndunnar við sama hitastig.

„Alkóhólstyrkleiki sem massi“ í blöndu af vatni og etanól er hlutfall alkóhólmassa í blöndunni af heildarmassa blöndunnar.

## 2. TÁKNUN ALKÓHÓLSTYRKLEIKA

Alkóhólstyrkleikinn er táknaður sem hlutar alkóhóls í hverjum hundrad hlutum af blöndunni.

Táknin eru:

„% rúmmál“ fyrir alkóhólstyrkleika sem rúmmál,

„% massi“ fyrir alkóhólstyrkleika sem massa.

## 3. ALKÓHÓLSTYRKLEIKI ÁKVARÐAÐUR

Aðferðin við að ákvarða alkóhólstyrkleikann með hjálp tækjanna sem fjallað er um í tilskipun ráðsins frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi alkóhólsmæla og alkóhól-flotmæla <sup>(1)</sup> er sem hér segir:

— álestur á alkóhólsmæli eða alkóhól-flotmæli við hitastig blöndunnar,

— mæling á hitastigi blöndunnar.

Niðurstöðurnar fást úr alþjóðlegu alkóhólsmælingatöflunum.

## 4. FORMÚLA TIL AÐ REIKNNA ÚT ALÞJÓÐLEGAR ALKÓHÓLMÆLINGATÖFLUR FYRIR BLÖNDU AF VATNI OG ETANÓLI

Þéttleikinn „ $\rho$ “, settur fram í kílógrömmum á hvern rúmmetra (kg/m<sup>3</sup>), í blöndu af vatni og etanóli við hitastig (t), sett fram í Celsíusgráðum, er fundinn með eftirfarandi formúlu sem fall af:

— massahlutfalli „p“, sem er gefið upp sem tugabrot <sup>(2)</sup>,

— hitastigi „t“, sem er gefið upp í Celsíusgráðum (IPTS-68),

— talnastuðlunum hér á eftir.

Þessi formúla gildir við hitastig á bilinu – 20 til + 40° C.

$$\rho = A_1 + \sum_{k=2}^{12} A_k p^{k-1} + \sum_{k=1}^6 B_k (t - 20^\circ \text{C})^k + \sum_{i=1}^n \sum_{k=1}^{m_i} C_{i,k} p^k (t - 20^\circ \text{C})^i.$$

$$n = 5$$

$$m_1 = 11$$

$$m_2 = 10$$

$$m_3 = 9$$

$$m_4 = 4$$

$$m_5 = 2$$

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 262, 27. 9. 1976, bls. 143.

<sup>(2)</sup> Dæmi: fyrir massahlutfallið 12%, p = 0,12.

## TALNASTUÐLAR FORMÚLUNNAR

k	$A_k$ kg/m <sup>3</sup>	$B_k$			
1	9,982 012 300 · 10 <sup>2</sup>	—2,061 851 3 · 10 <sup>-1</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C)			
2	—9,929 769 495 · 10 <sup>2</sup>	—5,268 254 2 · 10 <sup>-3</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>2</sup> )			
3	3,891 238 958 · 10 <sup>2</sup>	3,613 001 3 · 10 <sup>-5</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>3</sup> )			
4	—1,668 103 923 · 10 <sup>3</sup>	—3,895 770 2 · 10 <sup>-7</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>4</sup> )			
5	1,352 215 441 · 10 <sup>4</sup>	7,169 354 0 · 10 <sup>-9</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>5</sup> )			
6	—8,829 278 388 · 10 <sup>4</sup>	—9,973 923 1 · 10 <sup>-11</sup> kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>5</sup> )			
7	3,062 874 042 · 10 <sup>5</sup>				
8	—6,138 381 234 · 10 <sup>5</sup>				
9	7,470 172 998 · 10 <sup>5</sup>				
10	—5,478 461 354 · 10 <sup>5</sup>				
11	2,234 460 334 · 10 <sup>5</sup>				
12	—3,903 285 426 · 10 <sup>4</sup>				
k	$C_{1,k}$ kg/(m <sup>3</sup> · °C)	$C_{2,k}$ kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>2</sup> )			
1	1,693 443 461 530 087 · 10 <sup>-1</sup>	—1,193 013 005 057 010 · 10 <sup>-2</sup>			
2	—1,046 914 743 455 169 · 10 <sup>1</sup>	—2,517 399 633 803 461 · 10 <sup>-1</sup>			
3	7,196 353 469 546 523 · 10 <sup>1</sup>	—2,170 575 700 536 993			
4	—7,047 478 054 272 792 · 10 <sup>2</sup>	1,353 034 988 843 029 · 10 <sup>1</sup>			
5	3,924 090 430 035 045 · 10 <sup>3</sup>	—5,029 988 758 547 014 · 10 <sup>1</sup>			
6	—1,210 164 659 068 747 · 10 <sup>4</sup>	1,096 355 666 577 570 · 10 <sup>2</sup>			
7	2,248 646 550 400 788 · 10 <sup>4</sup>	—1,422 753 946 421 155 · 10 <sup>2</sup>			
8	—2,605 562 982 188 164 · 10 <sup>4</sup>	1,080 435 942 856 230 · 10 <sup>2</sup>			
9	1,852 373 922 069 467 · 10 <sup>4</sup>	—4,414 153 236 817 392 · 10 <sup>1</sup>			
10	—7,420 201 433 430 137 · 10 <sup>3</sup>	7,442 971 530 188 783			
11	1,285 617 841 998 974 · 10 <sup>3</sup>				
k	$C_{3,k}$ kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>3</sup> )	$C_{4,k}$ kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>4</sup> )	$C_{5,k}$ kg/(m <sup>3</sup> · °C <sup>5</sup> )		
1	—6,802 995 733 503 803 · 10 <sup>-4</sup>	4,075 376 675 622 027 · 10 <sup>-6</sup>	—2,788 074 354 782 409 · 10 <sup>-8</sup>		
2	1,876 837 790 289 664 · 10 <sup>-2</sup>	—8,763 058 573 471 110 · 10 <sup>-6</sup>	—1,354 612 883 493 354 · 10 <sup>-8</sup>		
3	—2,002 561 813 734 156 · 10 <sup>-1</sup>	6,515 031 360 099 368 · 10 <sup>-6</sup>			
4	1,022 992 966 719 220	—1,515 784 836 987 210 · 10 <sup>-6</sup>			
5	—2,895 696 483 903 638				
6	4,810 060 584 300 675				
7	—4,672 147 440 794 683				
8	2,458 043 105 903 461				
9	—5,411 227 621 436 812 · 10 <sup>-1</sup>				